

Fundur Delta Kappa Gamma – Mý deild

Í Síðurskóla 8.apríl 2025

Mættar voru; Ásdís, Katrín Fjóra, Sigrún Helga, Sigrún Birna, Anna, Ingileif, Dóothea, Björg, Erna Rós, Jóhanna Dögg, Magnea, Kristín Írena, Sigríður, Ólöf, Petrea, Margrét og Jónína.

Jónína ritar fundinn í fjarveru Gunnhildar.

Magnea setur fundinn og kveikir á kertum og þakkar nefndinni fyrir undirbúninginn.

Orð til umhugsunar. Björg sagði frá námskeiði sem hafið nýlega sótt. Námskeiðið var um gervigreind. Hún nefndi m.a. að það væri mikilvægt að spyrja þröngra spurninga og forðast það að setja persónuupplýsingar inn á chatgpt. Björg hefur notað gervigreindina t.d. til að læra á kaffikönnu með því að taka screenshot af könnunni og þá fékk hún leiðbeiningar sem nýttust henni.

Jóhanna kynnir leik. Allir áttu að skrifa eina staðreynd um sjálfan sig á blað og þeir brjóta saman og skila í körfu. Seinna munu fundargestir giska á það hvaða staðreynd tilheyrir hverjum.

Fimm stúlkna flautuhópur frá Tónlistarskólanum á Akureyri spiluðu fimm lög. Þær eru á leið til Frakklands að spila og léku þær löginn sem þær munu spila þar.

Margrét var tekin inn í Mý deild með hefðbundnum hætti.

Magnea las upp skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma. Ólöf Inga fór yfir ársreikninga og voru þeir einnig samþykktir.

Málshættir úr páskaeggjum lesnir upp.

Í lok fundar var farið í leikinn sem Jóhanna undirbjó áður.

Magnea sagði frá því í lok fundar að stefnt væri á að fara í ferð saman næsta haust og kallað eftir hugmyndum um ferðir. Einnig nefndi hún að fljótlega myndu allir í Mý deild fá senda könnun í tölvupósti sem snýr að óskum um áherslur fyrir næsta vetur.

Magnea sleit fundi með því að slökkva á kertunum.